



Úttekt á gróðurfari á þremur lónasvæðum Þjórsár og Tungnaár ofan Búrfells

Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Landsvirkjun LV-2016-088



Úttekt á gróðurfari á þremur lónasvæðum Þjórsár og Tungnaár ofan Búrfells

Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2016-088)


NÍ-16003 Garðabær, júní 2016



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Horft yfir svæðið ofan Búrfellsvirkjunar. Ljós. Emil Þór Sigurðsson, 16. apríl 2010.

ISSN 1670-0120

	Urriðaholtsstræti 6-8 212 Garðabæ Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. NÍ-16003	Dags, Mán, Ár Júní 2016	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Úttekt á gróðurfari á þremur lónasvæðum Þjórsár og Tungnaár ofan Búrfells	Upplag 19	Fjöldi síðna 35
		Kort / Mælikvarði Gróðurlendakort 1:100.000
		Höfundar Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen Kortagerð Sigurður Kristinn Guðjohnsen
Unnið fyrir Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2016-088)		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur <p>Á virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár ofan Búrfells hefur Landsvirkjun afmarkað þrjú svæði utan um uppistöðulón og miðlanir vatnsaflsvirkjana, svonefnd lónasvæði. Afmörkun þeirra miðast við að ná vel utan um nágrenni lóna á hverju svæði fyrir sig með tilliti til gróðurs og landslags. Úttekt var gerð á gróðurfari hvers lónasvæðis sem byggð er á stafrænu gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar Íslands af miðhálandinu. Gróðurfari er lýst og útbreiðsla gróðursamfélaga og landgerða tekin saman. Gróðurlýsingar í lónstæðum fyrir virkjun voru gerðar eftir útgefnum hálandisgróðurkortum Rala.</p> <p>Á lónasvæði 1 eru Sultartangalón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón. Vestan Þjórsár er moslendi, votlendi og mólendi ríkjandi. Sunnan Tungnaár er mikið af lítt- eða ógrónu landi, annars er þar að mestu gisið uppgreitt land. Norðan Tungnaár er missamfelldur gamburmosagróður ríkjandi á vesturhlutanum, en lítt- eða ógrónir melar á austurhlutanum.</p> <p>Á lónasvæði 2 eru Þórisvatn og Sauðafellslón. Gróður á svæðinu er mjög lítill en vestan við lónin er þó víða gisinn mosagróður. Í einstaka drögum þar sem rekju og skjól er að finna eru betur grónir flákar með mosa- eða mólendisgróðri. Melar eru ríkjandi landgerð nema á NA-hlutanum þar sem eru víðáttumikil hraun.</p> <p>Á lónasvæði 3 eru Stóraverslón, Kvíslavatn/Kvíslaveita, Eyvindarverslón, Hreysislón og Þjórsárlón. Tiltölulega lítill hluti svæðisins er gróinn en gróður er helst við ár og í rökum lægðum. Gróðurfari er nokkuð fjölbreytt en ríkjandi gróðursamfélög eru moslendi, votlendi og mólendi. Á lítt- eða ógróna landinu eru melar langútbreiddastir.</p> <p>Talsvert er um uppgreðslu á lónasvæðunum og vísbendingar eru um að sum þeirra elstu hafi aðlagast náttúrulegum grenndargróðri og munu þá falla undir hugtakið vistheimt.</p> <p>Í lok skýrslunnar er stutt samantekt um hvaða gróðursamfélög og landgerðir fóru undir vatn við myndun lóna. Tvö lón eru utan lónasvæða, Bjarnarlón og Hágöngulón. Gróðurfari í þeim lónstæðum var lýst eins og það var fyrir virkjun.</p>		
Lykilorð Þjórsár- og Tungnaársvæði, lónasvæði, lónstæði, gróðurfari, gróðurkort, gróðurlendakort.	Yfirfarið María Harðardóttir	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 GRÓÐURFAR Á LÓNASVÆÐUM	7
2.1 Lónasvæði 1	7
2.2 Lónasvæði 2	11
2.3 Lónasvæði 3	13
3 GRÓÐURFAR Í LÓNSTÆÐUM FYRIR VIRKJUN	15
3.1 Lónstæði á lónasvæði 1	15
3.1.1 Sultartangalón	15
3.1.2 Sporðöldulón	17
3.1.3 Hrauneyjalón	17
3.1.4 Krókslón	17
3.1.5 Vatnsfellslón	18
3.2 Lónstæði á lónasvæði 2	18
3.2.1 Þórisvatn	18
3.2.2 Sauðafellslón	18
3.3. Lónstæði á lónasvæði 3	19
3.3.1 Stóraverslón	19
3.3.2 Kvíslavatn/Kvíslaveita	19
3.3.3 Eyvindarverslón	19
3.3.4 Hreysislón	21
3.3.5 Þjórsárlón	21
3.4 Samantekt á gróðurfari í lónstæðum á Þjórsá-Tungnaárvæðinu	21
3.5 Gróðurfari í lónstæðum utan lónasvæða	22
3.5.1 Bjarnarlón	22
3.5.2 Hágöngulón	22
4 LOKAORÐ	23
5 HEIMILDIR	24
6 VIÐAUKAR	25
1. viðauki. Flatarmál (ha, km ²) og hlutfall (%) gróðurfélaga og landgerða á þremur lónasvæðum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu	25
2. viðauki. Flatarmál (ha, km ²) og hlutfall (%) gróðurþekjuflokka á þremur lónasvæðum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu	29
3. viðauki. Flatarmál (ha, km ²) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurfélaga og landgerða í lónstæðum á þremur lónasvæðum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu	30

1 INNGANGUR

Samkvæmt beiðni Landsvirkjunar tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér að gera úttekt á gróðurfari á lónasvæðum Efri-Þjórsár og Tungnaár, í tengslum við verkefnið „Umhverfis- og samfélagsúttekt á Þjórsársvæði.“

Á virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár ofan Búrfells hefur Landsvirkjun afmarkað þrjú svæði utan um uppistöðulón og miðlanir vatnsaflsvirkjana. Afmörkun þeirra miðast við að ná vel utan um nálæg svæði lónanna, tekið er tillit til gróðurs og landslags og þess gætt að landhæð sé svipuð. Þó er vert að benda á að lónin eru oftast í lægðum og landið í kring af þeim sökum yfirleitt eitthvað hærra. Svæðin eru nefnd lónasvæði og eru númeruð frá suðri til norðurs (1. kort).

Gerð var úttekt á núverandi gróðurfari lónasvæðanna og byggðist hún á stafrænu gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar af miðhálandinu sem nýlega var uppfært (Náttúrufræðistofnun Íslands 2014). Útlínur lónstæða voru að hluta til uppfærðar og endurteiknaðar eftir nýjustu myndkortum Loftmynda ehf. og með hliðsjón af gögnum Landsvirkjunar. Stærð lóna í úttektinni vikur í sumum tilvikum frá uppgefnum stærðum vegna þess hve hátt vatnið stendur á yfirföllum.

Lónasvæði og lónstæði eru eftirfarandi:

- Lónasvæði 1: Sultartangelón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón.
- Lónasvæði 2: Þórisvatn og Sauðafellslón.
- Lónasvæði 3: Kvíslaveitur, þ.e. Stóraverslón, Kvíslavatn/Kvíslaveita, Eyvindarverslón, Hreysislón og Þjórsárlón.


Utan ofangreindra lónasvæða eru Bjarnarlón og Hágöngulón en þar var gróðurfari fyrir virkjun lýst án umfjöllunar um gróðurfari aðliggjandi svæða.

Upplýsingar um gróður- og landgerðir, flatarmál þeirra, gróðurþekju og gróðurfari á hverju lónasvæði eru birtar í töflum. Útgefin gróðurkort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala) af hálandinu, sem byggð eru á gróður- og landgreiningu frá árunum 1955 til 1964 (Menningasjóður 1967, 1968, 1969), voru notuð til að útbúa stafræn gögn um gróður í lónstæðum fyrir virkjun. Út frá gögnunum er gróðurfari í lónstæðum lýst (Steindór Steindórsson 1981) og það borið saman við núverandi gróðurfari. Þannig fæst yfirlit um gróðurlendi við lónin til samanburðar við það sem fór undir þau. Að lokum var gerð heildarsamantekt af lónasvæðunum þremur þar sem uppgrædd svæði hafa verið flokkuð sérstaklega eftir því sem þau koma fram á seinni tíma myndkortum og gervitunglamyndum.

2 GRÓÐURFARI Á LÓNASVÆÐUM

2.1 Lónasvæði 1

Lónasvæði 1 er syðst af þremur lónasvæðum sem afmörkuð hafa verið á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Það liggur beggja vegna við farveg Tungnaár, vestur fyrir Þjórsá og austur fyrir Þóristind og spannar þannig hluta vatnasviða Tungnaár og Þjórsár. Á svæðinu eru fimm uppistöðulón, Sultartangelón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón. Sunnan Tungnaár er landið tiltölulega flatlent, en lægsti hluti þess liggur í tæplega 300 m h.y.s. Norðurhlutinn



1. kort. Uppistöðu- og miðlunarlón vatnsaflsvirkjana á Þjórsár-Tungnaárvæðinu ofan Búrfells og lónasvæði þeirra (rauð lína). Afmörkun lónasvæða miðast við að ná vel utan um nágrenni lóna á hverju svæði fyrir sig með tilliti til gróðurs og landslags.

er hálandari en þar liggur landið að mestu leyti í um 350 m upp í 650 m h.y.s. Þóristindur rís hæstur í 826 m h.y.s. Lónasvæðið tilheyrir þremur afréttum, Gnúpverjaafrétti vestan Þjórsár, Landmannafrétti sunnan Tungnaár og Holtamannafrétti norðan Tungnaár.

Gróðurfari lónasvæðisins er mjög mismunandi eftir svæðum (2. kort). Vestan Þjórsár er gróðurþekja nokkuð samfelld og ríkjandi gróðurlendi eru gamburmosagróður, mýrlendi, starmói og lyngmói. Sunnan Tungnaár er stór hluti landsins lítt- eða ógróinn og þar sem land telst gróið er gróðurþekja gisin. Helstu landgerðir eru melar, vikrar og hraun en ríkjandi gróðurlendi eru gamburmosagróður, uppgætt land með grösnum og nokkuð samfelldur þursaskeggsmói. Norðan Tungnaár er missamfelldur gamburmosagróður ríkjandi á vesturhlutanum en lítt- eða ógrónir melar á austurhlutanum, ásamt talsverðum flæmum með vikrum söndum og hraunum (1. tafla).

Lónasvæði 1 er 407 km² að flatarmáli og þar af er 151 km² (37%) gróið land, þ.e. land með >10% gróðurþekju. Meira en þriðjungur gróins lands er algróinn en gisnari gróður skiptist nokkuð jafnt á milli annarra þekjuflokka (1. tafla, 2. viðauki) Moslendi er ríkjandi gróðursamfélag með yfirgnæfandi útbreiðslu en þrátt fyrir það er gróðurfari á svæðinu fjölbreytt. Mólendi hefur allmikla útbreiðslu, sömuleiðis graslendi og votlendi og uppgæðsla er talsverð. Lítt eða ógróið land, þ.e. land með <10% gróðurþekju, er 63% af lónasvæðinu. Útbreiddustu landgerðirnar eru melar (39%), hraun (17%) og vikrar (12%). Vatn hefur einnig mikla útbreiðslu (22%). Sandorpin hraun, stórgrytt land og blautar áreyrar þekja hver um sig 1–4% af lítt gróna landinu.

Moslendi er ríkjandi gróðursamfélag á svæðinu (61% af grónu landi) og er það nær allt gamburmosagróður. Gamburmosi skiptist í átta gróðurfélög og koma þau öll fyrir. Mesta útbreiðslu hafa A4 (*mosi með smárunnum*), hreinn mosi án fylgitegunda A1 (*mosi*) og A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*). Hélumosagróður finnst á svæðinu en hann þekur einungis 1% af grónu landi (1. tafla, 1. viðauki).

Mólendi hefur allmikla útbreiðslu (19%) og er fjölbreytt. Helmingur er starmói en þursaskeggs- og sefmói og lyngmói hafa talsverða útbreiðslu. Víðimói og fléttumói hafa minni útbreiðslu og fjalldrapamói kemur einungis fyrir í tveimur flákum við gamla farveginn úr Hrauneyjalóni. Útbreiddasta gróðurfélag mólendisins er G2 (*stinnastör með smárunnum*) (8%) sem tilheyrir starmóa. Þursaskeggs- og sefmóagróðurfélagið E2 (*þursaskegg með smárunnum*) og lyngmóagróðurfélagið B3 (*krækilyng-víðir*) hafa talsverða útbreiðslu.

Gras- og blómlendi hefur umtalsverða útbreiðslu á svæðinu (10%) og munar þar mestu um stór flæmi af gisnu melgresi (6%) sem í flestum tilvikum er tilkomið vegna uppgæðslu. Melgresið H4 (*melgresi*) vex ýmist á landi sem flokkast sem hraun, vikrar eða vikurorpin hraun. Talsvert er einnig af graslendi-vallendi (3%), bæði náttúrulegu og uppgæddu, en stundum getur verið erfitt að greina þar á milli án vettvangskonunnar. Nær allt graslendið tilheyrir gróðurfélögnum H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*).

Votlendi á svæðinu hefur talsverða útbreiðslu (8%). Nær allt votlendið er mýrlendi en deiglendi og flói koma einnig fyrir. Mýrlendið er fremur fábreytt og flokkast nær allt undir gróðurfélögnum U2 (*mýrastör/stinnastör-víðir*) og U1 (*mýrastör/stinnastör-hengistör*).

Ræktað land á svæðinu, þ.e. gróðurfélagið R5 (*uppgætt land*), er talsvert (3%). Í raun og veru er það samt umtalsvert meira en fram kemur á gróðurkortinu vegna þess að víða er gömul uppgæðsla orðin að vallendi og því kortlögð sem H1 (*grös*).

1. tafla. Flatarmál (ha, km²) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða á lónasvæði 1 á Þjórsár-Tungnaársvæðinu.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi	ha	km ²	% af grónu landi	% af heild
Moslendi	9.165	91,65	61	23
Mosagróður (A1–A8)	8.980	89,80	59	22
HéluMosagróður (A9–A10, D6)	186	1,86	1	<1
Mólendi	2.839	28,39	19	7
Lyngmói (B)	381	3,81	3	1
Fjalldrapamói (C)	8	0,08	<1	<1
Víðimói (D)	117	1,17	1	<1
Þursaskeggs- og sefmói (E, F)	784	7,84	5	2
Starmói (G)	1.449	14,49	10	4
Fléttumói (J)	101	1,01	1	<1
Gras- og blómlendi	1.440	14,40	10	4
Graslendi–Vallendi (H1–H3, H7)	441	4,41	3	1
Melgresi (H4)	915	9,15	6	2
Blómlendi (L)	66	0,66	<1	<1
Alaskalúpína (L3)	18	0,18	<1	<1
Ræktað land	412	4,12	3	1
Uppgrætt land (R5)	412	4,12	3	1
Votlendi	1.244	12,44	8	3
Deiglendi (T)	87	0,87	1	<1
Mýri (U)	1.058	10,58	7	3
Flói (V)	100	1,00	1	<1
Samtals gróíð	15.100	151,00	100	37
Landgerð				
	ha	km ²	% af ógrónu landi	% af heild
Náttúrulegar landgerðir	20.025	200,25	78	49
Flag (fl)	5	0,05	<1	<1
Moldir (mo)	16	0,16	<1	<1
Sandar (sa)	356	3,56	1	1
Melar (me)	9.874	98,74	39	24
Vikrar (vi)	3.029	30,29	12	7
Sandorpin hraun (sa/hr, hr/sa)	1.098	10,98	4	3
Hraun (hr)	4.343	43,43	17	11
Skriður (sk)	27	0,27	<1	<1
Stórgrýtt land (gt)	726	7,26	3	2
Klettur (kt)	4	0,04	<1	<1
Þurrar áreyrar (ey)	72	0,72	<1	<1
Blautar áreyrar (le)	476	4,76	2	1
Vatn	5.511	55,11	22	14
Vatn (av)	5.511	55,11	22	14
Manngerðar landgerðir	26	0,26	<1	<1
Byggð–mannvirki (by)	19	0,19	<1	<1
Sand-, malar- eða grjótnámur (n)	6	0,06	<1	<1
Samtals ógróíð	25.561	255,61	100	63
Alls	40.661	406,61		100

Í samanburði við kortlagðan gróður á miðhálandinu, að frádregnum jöklum, hefur moslendi næstum þriðjungi meiri útbreiðslu á lónsvæðinu. Mólendi, ásamt gras- og blómlendi og votlendi, hafa aftur á móti hvert um sig tæplega helmingi minni útbreiðslu en á miðhálandinu.

Skipting helstu landgerða lítt eða ógróins lands á svæði eitt er þannig að melar eru útbreiddastir (39% af ógrónu landi), hraun og sandorpin hraun (21%) og vikrar (12%). Á miðhálandinu utan jökla eru samsvarandi tölur; melar (48%), hraun og sandorpin hraun (16%) og vikrar (6%).

2.2 Lónasvæði 2

Lónasvæði 2 er í miðið af þremur lónasvæðum sem afmörkuð hafa verið á Tungnaár-Þjórsársvæðinu. Það er dregið utan um Þórisvatn og Sauðafellslón sem eru einu vötnin eða uppi-stöðulónin á svæðinu. Yfirborð Þórisvatns í hæstu stöðu er í 579 m h.y.s. en umhverfis mestallt vatnið eru fjöll og miklar öldur sem ná hæst upp í 744 m h.y.s. á Botnafelli ofan Útigönguhöfða. Vestan við Sauðafellslón nær Sauðafell 773 m h.y.s. en hæsti tindur á lónasvæðinu 831 m h.y.s. er í Gjáfjöllum í NA-horni svæðisins. Lónasvæðið tilheyrir að mestu Holtamannaafrétti en ræma meðfram austurkantinum tilheyrir Landmannaafrétti.

Gróður á lónasvæðinu er mjög lítil (3. kort). Vestan við Þórisvatn og Sauðafellslón eru þó víða flákar með gisnum gróðri, einkum mosa. Í einstaka drögum þar sem rekju og skjól er að finna eru betur grónir flákar með mosa- eða mólendisgróðri. Melar eru ríkjandi landgerð í lítt eða ógróna hlutanum, nema á NA-hlutanum þar sem víðáttumikil hraun, að hluta til sandorpin, einkenna landið. Þótt hraunin virðist flöt á svæðinu þá hækka þau talsvert frá Þórisvatni út í jaðar svæðisins (2. tafla).

Lónasvæði 2 er 376 km² að flatarmáli og mjög illa gróið; aðeins 11% telst gróið land þ.e. land með >10% gróðurþekju. Af gróna landinu er einungis 6% algróið, 16% gróið að tveimur þriðju hlutum, helmingur hálfgróinn og um fjórðungur gróinn að einum fjórða hluta (2. tafla, 2. viðauki). Ríkjandi gróðursamfélag er moslendi sem er nær einrátt í gróna landinu. Mólendi, graslendi og votlendi koma fyrir. Langstærsti hluti lónasvæðisins (89%) er lítt eða ógróið land, þ.e. land með <10% gróðurþekju. Útbreiddustu landgerðirnar eru melar (36% af ógrónu landi), vatn (28%), hraun og sandorpin hraun (26%), sandar og vikrar (samtals 9%) en aðrar landgerðir sem koma fyrir eru ≤1%.

Moslendi er ríkjandi gróðursamfélag (94% af grónu landi). Mestur hluti þess er gamburmosa-gróður (76%) en hlutdeild hélumosagróðurs er talsverð (19%). Tvö gróðurfélög gamburmosa eru langútbreiddust, A1 (*mosi*) (42%) og A4 (*mosi með smárunnum*) (31%). Hélumosagróðurfélögin eru D6 (*grasvíðir-hélumosi*) (9%), A9 (*hélumosi*) (6%) og A10 (*hélumosi með gráviði/fjallaviði*) (4%) (2. tafla, 1. viðauki).

Mólendi hefur litla útbreiðslu (3%) og er einsleitt. Einungis tvö gróðurlendi komast á blað í flatarmálmælingu, það eru víðimói (2%) og fléttumói (1%). Starmói kemur einnig fyrir í nokkrum smærri flákum en nær samt ekki að þekja 1% af lónsvæðinu. Gróðurfélag víðimóans er D3 (*loðvíðir-fjallaviðir/gráviðir*) og gróðurfélag fléttumóans J2 (*grábreyskingur*) sem vex í einum stórum fláka á hrauni í bland við A4 með 50% gróðurþekju.

Gras- og blómlendi hefur mjög litla útbreiðslu (1%). Gróðurlendin sem koma fyrir eru graslendi-vallendi og aðallega er um að ræða gróðurfélögin H3 (*grös með smárunnum*) og blómlendi L1 (*hávaxnar blómjurtir*) sem saman ná ekki 1%.

2 . tafla. Flatarmál (ha, km²) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða á lónasvæði 2 á Þjórsár-Tungnaársvæðinu.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi	ha	km ²	% af grónu landi	% af heild
Moslendi	3.881	38,81	94	10
Mosagróður (A1–A8)	3.104	31,04	76	8
Héllumosagróður (A9–A10, D6)	777	7,77	19	2
Mólendi	133	1,33	3	<1
Lyngmói (B)	5	0,05	<1	<1
Víðimói (D)	65	0,65	2	<1
Þursaskeggsmói (E)	2	0,02	<1	<1
Starmói (G)	19	0,19	<1	<1
Fléttumói (J)	43	0,43	1	<1
Gras- og blómlendi	52	0,52	1	<1
Graslendi–Vallendi (H)	39	0,39	1	<1
Blómlendi (L)	12	0,12	<1	<1
Votlendi	43	0,43	1	<1
Deiglendi (T)	43	0,43	1	<1
Flói (V)	<1	<0,01	<1	<1
Samtals gróið	4.109	41,09	100	11
Landgerð				
	ha	km ²	% af ógrónu landi	% af heild
Náttúrulegar landgerðir	24.213	242,13	72	64
Flag (fl)	3	0,03	<1	<1
Sandar (sa)	1.938	19,38	6	5
Melar (me)	11.954	119,54	36	32
Vikrar (vi)	1.074	10,74	3	3
Sandorpin hraun (sa/hr, hr/sa)	1.056	10,56	3	3
Hraun (hr)	7.570	75,70	23	20
Stórgrýtt land (gt)	332	3,32	1	1
Þurrar áreyrar (ey)	158	1,58	<1	<1
Blautar áreyrar (le)	128	1,28	<1	<1
Vatn	9.246	92,46	28	25
Vatn (av)	9.246	92,46	28	25
Manngerðar landgerðir	7	0,07	<1	<1
Byggð–mannvirki (by)	7	0,07	<1	<1
Samtals ógróið	33.466	334,66	100	89
Alls	37.574	375,74		100

Votlendi hefur mjög litla útbreiðslu (1%) en í því er deiglendi ríkjandi, aðallega gróðurfélagið T31 (*vætumosar með víði*) (1%). Eitt gróðurfélag flóa kemur fyrir, V3 (*klófiflói*), en það er svo smátt að það mælist vart.

Gróðurfur á lónasvæði 2 er gjörólíkt kortlögðum gróðri á miðhálandinu, að frádregnum jöklum. Mestur hluti þess er lítt- eða ógróið land og ekki samanburðarhæfur.

Skipting helstu landgerða lítt eða ógróins lands á lónasvæði 2 er þannig að melar eru útbreiddastir (36% af ógrónu landi), þá hraun og sandorpin hraun (26%) og sandar og vikrar (12%). Á

miðhálandinu utan jökla eru samsvarandi tölur; melar (48%), hraun og sandorpin hraun (16%) og sandar og vikrar (6%).

2.3 Lónasvæði 3

Lónasvæði 3 er nyrst af þremur lónasvæðum sem afmörkuð hafa verið á Tungnaár-Þjórsársvæðinu. Svæðið er um 40 km langt og að meðaltali 10 km breitt og liggur ofan við Þórisvatn að mestu, austan við Þjórsá og upp í Þjórsárkvíslar. Á því eru fimm uppistöðulón þ.e. Stóraverslón, Kvíslavatn Eyvindarverslón, Hreysiskvíslarlón og Þjórsárlón. Landslagið einkennist af lítt- eða ógrónum melöldum en við Þjórsá er landið víða flatlandara. Þó svæðið sé langt frá suðri til norðurs þá er hæðarmunur lítill. Lægsti hluti lónasvæðisins, sunnan við Blautaverskvísl, er í 600 m h.y.s. en flatlendið á nyrsta hlutanum er í um 640 m h.y.s. Toppurinn á Hnöttóttuöldu er hæsti hluti svæðisins í 788 m h.y.s. Lónasvæðið tilheyrir allt Holtamannafrétti, nema ræma sem liggur vestan Þjórsár í Þjórsárverum sem tilheyrir Gnúpverjafrétti.

Tiltölulega lítill hluti lónasvæðisins er gróinn en gróðurinn dreifist nokkuð jafnt um svæðið (4. kort). Gróður er helst við ár og í lægðum og dældum þar sem rekju er að finna. Gróðurfari er nokkuð fjölbreytt og eru moslendi, votlendi og mólendi ríkjandi gróðursamfélög. Á lítt eða ógróna landinu eru melar langalgengastir og útbreiðsla stórgrýtt lands er umtalsverð (3. tafla)

Lónasvæði 3 er 409 km² að flatarmáli og 17% telst gróið land, þ.e. land með >10% gróðurþekju. Af grónu landi eru um tveir þriðju hlutar algrónir, um fjórðungur hefur að meðaltali 75% gróðurþekju og tíundi hluti er hálfgróinn (3. tafla, 2. viðauki). Gróðurfari er fjölbreytt; moslendi er ríkjandi gróðursamfélag, votlendi er mjög mikið, mólendi hefur allmikla útbreiðslu en graslendi- blómlendi hefur litla útbreiðslu. Lítt eða ógróið land, þ.e. land með <10% gróðurþekju, er 83% af lónasvæðinu. Útbreiddustu landgerðirnar eru melar (62% af ógrónu landi), stórgrýtt land (18%), vatn (13%), blautar áreyrar (5%) og þurrar áreyrar (1%). Athyglisvert er hve lítið er um ógróin hraun á yfirborði á lónasvæðinu en flatarmál þeirra nær ekki 1%.

Moslendi er ríkjandi gróðursamfélag á svæðinu (46% af grónu landi) og er að mestu um að ræða gamburmosagróður; hélumosagróður (7%) er einnig allnokkur. Flest gróðurfélög gamburmosa koma fyrir en mesta útbreiðslu hefur A4 (*mosi með smárunnum*) (28%). Önnur gróðurfélög gamburmosagróðurs sem eru yfir 1% eru A8 (*mosi með grösum og smárunnum*) (4%), A1 (*mosi*), þ.e. hreinn mosi án fylgitegunda (3%), og A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) (3%). Öll þrjú gróðurfélög hélumosagróðurs koma fyrir. Þau eru A10 (*hélumosi með gráviði/fjallaviði*) (4%), A9 (*hélumosi*) (3%) og D6 (*grasviðir-hélumosi*) (<1%) (3. tafla, 1. viðauki).

Votlendi á svæðinu er mjög mikið (35%) miðað við það að hlutfall votlendis af grónu landi á miðhálandinu er 14%. Talsvert meira en helmingur þess er deiglendi (20%) en mýrlendi (9%) og flói (6%) hafa samt umtalsverða útbreiðslu. Deiglendið er mjög fjölbreytt en algengustu gróðurfélögin eru T30 (*vætumosar*) (7%), T31 (*vætumosar með víði*) (5%) og T3 (*hálmgresi*) (5%). Mýrlendið er fremur fábreytt og þau gróðurfélög sem komast á blað eru U4 (*mýrastör/stinnastör-klófífa*) (5%), U2 (*mýrastör/stinnastör-víðir*) (5%) og U1 (*mýrastör/stinnastör-hengistör*) (1%). Flói er einnig fremur fábreyttur og gróðurfélög sem ná 1% eða meiru eru V3 (*klófífa*) (3%), V2 (*tjarnastör*) (2%) og V4 (*hengistör*) (1%).

Gróðurflákar með freðmýrarústum eru samtals 3,57 km² eða 5% af grónu landi á lónasvæði 3. Freðmýrarústir eru almennt fjölbreyttar gróðurfarslega séð og samanstanda oftast af blöndu af 1–4 mismunandi gróðurfélögum. Fyrstnefnda gróðurfélagið ræður þannig gróðursamfélaginu, en á lónasvæðinu flokkast meirihluti freðmýrarústa undir flóa.

3 . tafla. Flatarmál (ha, km²) og hlutfall (%) gróðursamfélaga, gróðurlenda og landgerða á lónasvæði 3 á Þjórsár-Tungnaársvæðinu.

Gróðursamfélag				
Gróðurlendi	ha	km ²	% af grónu landi	% af heild
Moslendi	3.204	32,04	46	8
Mosagróður (A1–A8)	2.703	27,03	39	7
Héllumosagróður (A9–A10, D6)	501	5,01	7	1
Mólendi	1.175	11,75	17	3
Lyngmói (B)	175	1,75	3	<1
Víðimói (D)	913	9,13	13	2
Þursaskeggsmói (E)	33	0,33	<1	<1
Starmói (G)	54	0,54	1	<1
Gras- og blómlendi	155	1,55	2	<1
Graslendi–Vallendi (H)	142	1,42	2	<1
Blómlendi (L)	13	0,13	<1	<1
Votlendi	2.441	24,41	35	6
Deiglendi (T)	1.404	14,04	20	3
Mýri (U)	600	6,00	9	1
Flói (V)	437	4,37	6	1
Samtals gróíð	6.975	69,75	100	17
Landgerð				
	ha	km ²	% af ógrónu landi	% af heild
Náttúrulegar landgerðir	29.486	294,86	87	72
Moldir (mo)	30	0,30	<1	<1
Sandar (sa)	39	0,39	<1	<1
Melar (me)	21.212	212,12	62	52
Sandorpin hraun (sa/hr, hr/sa)	73	0,73	<1	<1
Hraun (hr)	9	0,09	<1	<1
Stórgrýtt land (gt)	6.022	60,22	18	15
Þurrar áreyrar (ey)	298	2,98	1	1
Blautar áreyrar (le)	1.804	18,04	5	4
Vatn	4.441	44,41	13	11
Vatn (av)	4.441	44,41	13	11
Manngerðar landgerðir	15	0,15	<1	<1
Byggð–mannvirki (by)	3	0,03	<1	<1
Raskað land (ra)	13	0,13	<1	<1
Samtals ógróíð	33.943	339,43	100	83
Alls	40.918	409,18		100

Mólendi hefur talsvert mikla útbreiðslu (17%) og er nokkuð fjölbreytt. Víðimói nær yfir þrjá fjórðu hluta af flatarmáli mólendisins (13%) en mun minni útbreiðslu hafa lyngmói (3%), starmói (1%) og þursaskeggs- og sefmói (<1%). Útbreiddasta gróðurfélag mólendisins er D3 (*loðvíðir–grávíðir/fjallavíðir*) (10%), D1 (*grávíðir/fjallavíðir–krækilyng*) (3%), B3 (*krækilyng–víðir*) (2%) og G2 (*stinnastör með smárunnum*) (1%). Önnur gróðurfélög ná ekki 1%.

Gras- og blómlendi hefur litla útbreiðslu á svæðinu (2%). Eingöngu er um að ræða náttúrulegt graslendi–vallendi sem skiptist jafnt á milli gróðurfélaganna H1 (*grös*) (1%) og H3 (*grös með smárunnum*) (1%).

Hlutfall moslendis á lónasvæði 3 er nákvæmlega sama og á kortlögðu svæði miðhálandisins, að frádregnum jöklum. Samanborið við miðhálandið er votlendi aftur á móti ríflega tvöfalt meira á lónasvæðinu, mólendi tæplega helmingi minna og gras- og blómlendi þrisvar sinnum minna.

Skipting helstu landgerða lítt eða ógróins lands á lónasvæði 3 er þannig að melar eru útbreiddastir (62% af ógrónu landi), stórgrýtt land (18%), vatn (13%) og blautar áreyrar (4%). Á miðhálandinu utan jökla eru samsvarandi tölur: melar (48%), stórgrýtt land (13%), vatn (6%) og blautar áreyrar (2%).

3 GRÓÐURFAR Í LÓNSTÆÐUM FYRIR VIRKJUN

Í þessum kafla er tekið stuttlega saman hvaða gróðursamfélög og helstu gróðurfélög innan þeirra fóru undir vatn við myndun lóna á Þjórsár-Tungnaárvæðinu. Upplýsingar eru misnákvæmar en í flestum tilvikum er stuðst gróður- og landgreiningu Rala frá árunum 1955 til 1964.

Lónin sem fjallað er um eru 14 talsins. Þau eru öll, nema tvö, innan lónasvæðanna þriggja sem fjallað er um hér að framan. Gróðri og landgerðum sem fóru undir vatn innan lónstæðanna er lýst og borið saman við gróðurfari á tilheyrandi lónasvæði. Lónstæðunum er lýst frá suðri til austurs og norðurs, þ.e. Sultartangalón er fyrst í röðinni og Þjórsárlón síðast. Í kjölfarið er fjallað sérstaklega um Bjarnarlón og Hágöngulón þar sem gróðurfari er lýst án samanburðar við nærsvæði (1. kort).

Lónin eru misstór, allt frá 0,25 km² (Hreysiskvíslarlón) upp í 85 km² (Þórisvatn). Fyrir virkjun voru lónstæðin misvel gróin og gróðurfari ólíkt, bæði hvað varðar ríkjandi gróðursamfélög og fjölbreytni gróðurfélaga innan þeirra (3. viðauki). Af einstökum landgerðum (lítt og ógróið land með <10% gróðurþekju) eru melar oftast fyrirferðamestir og einnig er vatn og blautar áreyrar stór hluti ógróinna svæða sem endurspeglast í því að flest lónstæðin eru að einhverju leyti í árfarvegum eða á vatnasvæðum.

3.1 Lónstæði á lónasvæði 1

3.1.1 Sultartangalón

Vatnshæð Sultartangalóns á yfirfalli er í 298 m h.y.s. Lónið er 2002 ha, rétt rúmlega 20 km², og er þriðja stærsta lónið á Þjórsár-Tungnaárvæðinu. Fyrir virkjun var gróið land aðeins 11% sem skýrist af því að lónið liggur að stórum hluta í farvegi Þjórsár. Af grónu landi var mólendi langútbreiddast eða 71% af grónu landi og var aðallega um að ræða gróðurfélagið E2 (*þursaskegg-smárunnar*). Tvö önnur gróðurfélög mólendisins höfðu einnig nokkra útbreiðslu, D3 (*loðvíðir-grávíðir/fjallavíðir*) sem tilheyrir víðimóa og G2 (*stinnastör-smárunnar*) sem tilheyrir starmóa. Moslendi var einnig töluvert (22%) og var eingöngu um að ræða gróðurfélög þar sem gamburmosi var ríkjandi. Útbreiddustu gróðurfélög moslendisins voru A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) og A5 (*mosi með grösum*). Gras- og blómlendi var 5% af grónu landi og skiptist nokkuð jafnt á milli H3 (*grös með smárunnum*) og H4 (*melgresi*) en H1 (*grös*) kom fyrir. Votlendi hafði mjög litla útbreiðslu, aðeins 1% af grónu landi.

Landgerðir og vatn voru samtals 89% af lónstæðinu. Af einstökum landgerðum höfðu melar mesta útbreiðslu eða 38% af ógrónu landi en næst á eftir voru blautar áreyrar og vatn í farvegi Þjórsár, samtals 60% lónstæðisins (4. tafla).

4. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga og landgerða á lónasvæði 1 og í fimm lónstæðum innan þess á Þjórsár-Tungnaársvæðinu.

Gróðursamfélag	Lónasvæði 1			Samtals lónstæði			Lónstæði Sultartangalóns			Lónstæði Sporöðuldulóns			Lónstæði Hrauneyjalóns			Lónstæði Krókslóns			Lónstæði Vatnshellslóns					
	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild
Moslendi	9.165	61	23	399	39	8	49	22	2	204	58	26	26	23	3	119	35	9						
Mólendi	2.839	19	7	231	22	5	155	71	8	34	10	4	5	4	1	37	11	3						
Gras- og blómendi	1.440	10	4	371	36	7	12	5	1	105	30	13	68	59	8	186	54	14						
Ræktað land	412	3	1	2	<1	<1				2	<1	<1												
Votlendi	1.244	8	3	27	3	1	2	1	<1	9	3	1	16	14	2									
Samtals gróð	15.100	100	37	1.029	100	20	218	100	11	354	100	44	115	100	13	343	100	26						
Landgerð	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	
Líft og ógróð land	20.025	78	49	3.203	79	63	1.340	75	67	348	79	44	636	81	71	816	82	61	63	100	100			
Vatn	5.511	22	14	866	21	17	444	25	22	93	21	12	147	19	16	183	18	14						
Lón	5.100	20	13																					
Ár og vötn	411	2	1	866	21	17	444	25	22	93	21	12	147	19	16	183	18	14						
Byggð og mannvirki	26	<1	<1	2	<1	<1				2	<1	<1												
Samtals ógróð	25.561	100	63	4.071	100	80	1.784	100	89	442	100	56	783	100	87	999	100	74						
Alls	40.661	100	100	5.100	100	100	2.002	100	100	796	100	100	897	100	100	1.341	100	100	63	100	100	63	100	100

3.1.2 Sporðöldulón

Vatnshæð Sporðöldulóns á yfirfalli er í 373,5 m h.y.s. Lónið er 796 ha eða tæplega 8 km². Um 44% var gróið land sem einkenndist af moslendi sem var 58% af grónu landi en gras- og blómlendi, nánar tiltekið valllendi var einnig útbreitt (30%). Útbreiddustu gróðurfélög moslendisins voru A3 (*mosi með stinnastör og smárunnum*) og A4 (*mosi með smárunnum*). Í graslendi–vallendi komu tvö gróðurfélög fyrir, H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). Það fyrrnefnda hafði helmingi meiri útbreiðslu en það síðara. Mólendi (10%) einkenndist annars vegar af þursaskeggsmóa þar sem gróðurfélögin E1 (*þursaskegg*) og E2 (*þursaskegg–smárunnar*) voru ríkjandi og hins vegar af starmóa þar sem gróðurfélagið G1 (*stinnastör*) var mest áberandi. Votlendi var 3% af grónu landi þar sem mýrargróðurfélögin U1 (*mýrastör/stinnastör–hengistör*) og U2 (*mýrastör/stinnastör–víðir*) komu fyrir.

Landgerðir og vatn voru samtals 56% af lónstæðinu. Af einstökum landgerðum höfðu melar langmesta útbreiðslu eða 75% af ógrónu landi og vatn (21%). Aðrar landgerðir höfðu mun minni útbreiðslu.

3.1.3 Hrauneyjalón

Vatnshæð Hrauneyjalóns á yfirfalli er í 425 m h.y.s. Lónið er 897 ha, tæplega 9 km². Aðeins 13% var gróið land. Af grónu landi var gras- og blómlendi útbreiddasta gróðursamfélagið eða 59% af grónu landi, aðallega gróðurfélagið H3 (*grös með smárunnum*) sem tilheyrir valllendi en einnig var nokkuð um H1 (*grös*) og H4 (*melgresi*) kom fyrir. Gróðurfélagið L1 (*hávxanar blómjurtir*) þar sem um var að ræða hávxana hvönn, kom fyrir meðfram deiglendisflesjum. Moslendi kom næst á eftir að útbreiðslu (23%) en aðeins þrjú gróðurfélög þess, sem öll tilheyra gamburmosagróðri, komu fyrir og var A8 (*mosi með grösum og smárunnum*) þeirra stærst. Innan mólendisins (4%) var það aðallega gróðurfélagið D3 (*loðvíðir–grávíðir/fjallavíðir*) sem hafði einhverja útbreiðslu. Votlendi var töluvert (14%) en innan þess var eingöngu um að ræða deiglendisgróðurfélög. Gróðurfélagið T2 (*hrossanál–starir–grös*) var um helmingur þess en hinn hlutinn skiptist nokkuð jafnt á milli gróðurfélaganna T11 (*hrafnaflifa með hálmgresi*) og T3 (*hálmgresi*).

Landgerðir og vatn voru samtals 87% af lónstæðinu. Af einstökum landgerðum höfðu melar mesta útbreiðslu og náðu til um þriðjungs af ógrónu landi en útbreiðsla hrauns, blautra áreyra og vatns var svipuð.

3.1.4 Krókslón

Vatnshæð Krókslóns á yfirfalli er í 498 m h.y.s. Lónið er 1341 ha, liðlega 13,4 km². Gróið land var 26% og af því var gras- og blómlendi útbreiddast eða 54% af grónu landi sem skiptist aðallega á milli gróðurfélagsins H4 (*melgresi*) og vallendisgróðurfélagsins H1 (*grös*) en gróðurfélagið H3 (*grös með smárunnum*) hafði einnig töluverða útbreiðslu. Moslendi (35%) kom næst á eftir í útbreiðslu og af þeim sex gróðurfélögum sem tilheyra því var gamburmosagróðurfélagið A8 (*mosi með grösum og smárunnum*) útbreiddast. Önnur gróðurfélög þar sem gamburmosi var ríkjandi, sem og hélumosagróðurfélagið D6 (*grasvíðir–hélumosi*), höfðu öll litla útbreiðslu. Aðeins var um að ræða eitt gróðurfélag innan mólendisins, D3 (*loðvíðir–grávíðir/fjallavíðir*) sem tilheyrir víðimóa. Ekkert votlendi var innan lónstæðisins.

Landgerðir og vatn voru samtals 74% af lónstæðinu. Af einstökum landgerðum höfðu melar langmesta útbreiðslu eða 53% af ógrónu landi, vatn var 14% en útbreiðsla hrauns og blautra áreyra var töluvert minni.

5. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) gróðursamfélaga og landgerða á lónasvæði 2 og í tveimur lónstæðum innan þess á Þjórsár-Tungnaárvæðinu.

Gróðursamfélag	Lónasvæði 2			Samtals lónstæði			Lónstæði Þórisvatns			Lónstæði Sauðafellslóns		
	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild	ha	% af grónu landi	% af heild
Moslendi	3.881	94	10	91	49	1	87	75	1	4	6	1
Mólendi	133	3	<1	52	28	1	18	15	<1	35	48	7
Gras- og blómendi	52	1	<1	<1	<1	<1						
Votlendi	43	1	<1	44	23	0	10	9	<1	33	46	7
Samtals gróið	4.109	100	11	187	100	2	115	100	1	72	100	15

Landgerð	Lónasvæði 2			Lónstæði Þórisvatns			Lónstæði Sauðafellslóns					
	ha	% af ógrónu landi	% af heild	ha	% af ógrónu landi	% af heild	ha	% af ógrónu landi	% af heild	ha	% af ógrónu landi	% af heild
Lítt og ógróið land	24.213	72	64	1.299	15	14	937	11	11	362	85	72
Vatn	9.246	28	25	7.520	85	84	7.454	89	88	66	15	13
Lón	9.006	27	24									
Ár og vötn	240	1	1	7.520	85	84	7.454	89	88	66	15	13
Byggð og mannvirki	7	<1	<1	<1	<1	<1						
Samtals ógróið	33.466	100	89	8.819	100	98	8.391	100	99	427	100	85
Alls	37.574		100	9.006		100	8.506		100	500		100

3.1.5 Vatnsfellslón

